

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. töflu b (*Vottað fræ af belgjurtum og öðrum tegundum*) í I. kafla II. viðauka:

Talan 25 kemur í stað tölunnar 20 í 3. dálk töflunnar fyrir eftirtaldar belgjurtir;

- *Lupinus angustifolius*
- *Lupinus, aðrar tegundir*
- *Vicia, aðrar tegundir*

4. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á töflu í 2. lið II. kafla II. viðauka.

Við töflu bætist:

Rúghveiti	Allir	minnst 80	0
-----------	-------	-----------	---

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á VIII. viðauka:

Í kafla með heitinu „*Almennar skyldur*“ á eftir setningunni „Uppskeran fer fyrst fram að lokinni plöntuskoðun“ bætist ný málsgrein er orðast svo:

Ræktunin skal vera ósvikin og hrein að því er varðar afbrigði eða ef um er að ræða ræktun skyldleikaræktaðrar línu, ósvikin og hrein að því er varðar einkenni hennar. Við framleiðslu sáðkorns af blendingsafbrigðum skulu framangreind ákvæði einnig gilda um þáttaeinkenni, þ.m.t. karlófrjósemi eða endurheimt frjósemi.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru. Við setningu reglugerðarinnar er tekið tillit til tilskipana nr. 95/6/EB, 96/18/EB, 96/72/EB, 99/8/EB og 99/54/EB sem vísað er til í III. kafla I. viðauka sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2002.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 25. september 2002.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Úr tollnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0701.9000	Kartöflur, bökunar, 65 mm og stærri	01.10.02-30.06.03	ótilgr.	0	30
Tollnúmer:					
0701.9000	Kartöflur, aðrar	01.10.02-30.06.03	ótilgr.	0	60
0703.9001	Blaðlaukur	01.10.02-06.10.02	ótilgr.	0	227
0703.9001	Blaðlaukur	07.10.02-30.06.03	ótilgr.	0	0
0704.1000	Blómkál	01.10.02-20.10.02	ótilgr.	0	176
0704.1000	Blómkál	21.10.02-30.06.03	ótilgr.	0	0
0704.9001	Hvítkál	01.10.02-30.06.03	ótilgr.	0	79
0704.9002	Rauðkál	01.10.02-30.06.03	ótilgr.	0	110
0704.9003	Kínakál	01.10.02-30.06.03	ótilgr.	0	206
0704.9004	Spergilkál	01.10.02-30.06.03	ótilgr.	0	282
0706.1000	Gulrætur og næpur	01.10.02-30.06.03	ótilgr.	0	136
0706.9001	Gulrófur	01.10.02-30.06.03	ótilgr.	0	0
0706.9002	Rauðrófur	01.10.02-30.06.03	ótilgr.	0	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	01.10.02-30.06.03	ótilgr.	0	0
0709.5100	Sveppir	01.10.02-30.06.03	ótilgr.	0	80

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 2003.

Landbúnaðarráðuneytinu, 26. september 2002.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.